

Þingsályktun

um staðfestingu rammisamkomulags milli Grænlands/Danmerkur,
Íslands og Noregs um verndun loðnustofnsins
og stjórnun veiða úr honum.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd rammisamkomu-
lag milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um verndun loðnustofnsins og stjórnun
veiða úr honum, sem gert var í London 21. júní 2018, ásamt eftirtöldum viðaukum:

I. viðauki: Samkomulag um langtímaveiðistjórnun loðnustofnsins á hafsvæðinu milli
Austur-Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

II. viðauki: Ráðstafanir varðandi aðgang og tæknileg skilyrði til loðnuveiða milli Íslands
og Grænlands.

III. viðauki: Ráðstafanir varðandi aðgang og tæknileg skilyrði til loðnuveiða milli Íslands
og Noregs.

IV. viðauki: Aðgangur til loðnuveiða milli Noregs og Grænlands/Danmerkur.

V. viðauki: Tafla 1 og 2. Skýrslugjöf um aflamörk loðnu og loðnuafla á hafsvæðinu milli
Íslands, Austur-Grænlands og Jan Mayen.

Samþykkt á Alþingi 13. desember 2018.